



Áfram mikil hækkun launavísitölu í október

Launavísitalan hækkaði um 0,5% milli september og október samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,6%, sem er svipaður árstaktur og verið hefur síðustu mánuði.

Hækkun launavísitölunnar í október var óvenju mikil miðað við að lítið ætti að vera að gerast í þessum efnum samkvæmt kjarasamningum.

Launavísitalan hækkaði um 3,7% í janúar vegna áfangahækkana í kjarasamningum og hefur hækkað nokkuð jafnt og þétt síðan. Hún hefur nú hækkað um samtals 7% á fyrstu tíu mánuðum ársins. Ekki hefur verið um almennar launahækkunarir að ræða samkvæmt kjarasamningum síðan í janúar og kjarasamningsbundnar hækkunarir verða næst í janúar 2022. Árshækkunartaktur launa hefur verið vel ofan við 7% allt frá því í október 2020 sem er töluvert herra en hefur verið frá miðju ári 2017.

Kaupmáttur nokkuð stöðugur þrátt fyrir mikla verðbólgu


Verðbólga í október mældist 4,5% en árshækkun launavísitölunnar um 7,6%. Kaupmáttur launa jókst því um 3% þrátt fyrir óvenju mikla verðbólgu. Kaupmáttaraukning launa er því áfram nokkuð stöðug og mikil í sögulegu samhengi. Kaupmáttarvísitalan hefur lækkað eilítið frá því í janúar og var kaupmáttur launa í október 1% lægri en í janúar, en þá var kaupmáttur í sögulegu hámarki.

Opinberi markaðurinn hækkar meira

Sé lítið á launabreytingar hjá stóru hópunum á vinnumarkaðnum milli ágúst mánaða 2020 og 2021 sést að laun á almenna markaðnum hækkuðu um 6,3% á þessum tíma og um 11,3% á þeim opinbera; þar af 9,9% hjá ríkinu og 13,2% hjá sveitarfélögunum.


Opinberi markaðurinn hefur þannig verið leiðandi í launabreytingum á tímabilinu. Launastig er almennt lægra á opinbera markaðnum en á þeim almenna og

12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Því eðlilegt að kjarasamningsbundin krónutöluhækkun launa skili sér í hlutfallslega meiri hækkunum vegna áfangahækkana. Á þessu ári hefur hluti hækkunarinnar á opinbera markaðnum komið til vegna vinnutímastyttingar, líkt og gerðist á almenna markaðnum í fyrra. Áhrif styttingar vinnutíma eru á hinn bóginn ekki metin inn í launavísitölu nema þau séu talin ígildi launahækkana.

Launabreytingar starfsstétta

Af starfsstéttum á almenna markaðnum hækkuðu laun verkafólks mest, eða um 9%, milli ágúst mánaða 2020 og 2021. Laun tækna og sérmenntaðs fólks hækkðu minnst, eða um 4,7%. Launavísitalan hækkaði um 7,9% á tímabilinu þannig að laun verkafólks og þjónustu- og afgreiðslufólks hafa hækkað meira en meðaltalið og laun annarra starfsstétta minna, sérstaklega tækna og sérfræðinga. Þar sem vísitala neysliverðs hækkadi um 4,3% á þessu tímabili hafa allar þessar starfsstéttir á almenna markaðnum búið við kaupmáttaraukningu.


Hagvaxtarauki

Í nokkurn tíma hefur verið ljóst að mögulega myndu laun hækka vegna hagvaxtarauka í maí á næsta ári og myndu þær hækkanir koma til viðbótar launahækkunum 1. janúar nk. Þann 1. janúar 2022 munu taxtalaun hækka um kr. 25.000 á mánuði og öll önnur laun um kr. 17.250. Sé tekið mið af nýrri spá Seðlabankans um hagvöxt og fólksfjöldatölum Hagstofunnar má gera ráð fyrir að taxtalaun hækki svo aftur um kr. 8.000 þann 1. maí 2022 og öll önnur laun um kr. 6.000. Gangi spá Seðlabankans eftir má ætla að samsvarandi launahækkanir verði kr. 13.000 og 9.750 þann 1. maí 2023.

Óvenju hvöss launaumræða þegar ár er eftir af samningstímabilinu


Í kjölfar síðustu stýrivaxtaákvörðunar peningastefnunefndar Seðlabankans hefur umræða um launaþróun verið óvenju hvöss. Bæði seðlabankastjóri og einstakir nefndarmenn peningastefnunefndar hafa tekið sterkt til orða út af stöðunni og hefur þeim verið svarað fullum hálsi úr röðum samtaka launafólks.

Launahækkun einstakra hópa ágúst 2020 - ágúst 2021




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun starfsstétta ágúst 2020 - ágúst 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Í nýjstu útgáfu [Peningamála](#) telur Seðlabankinn að hlutfall launa og launatengdra gjalda af vergum þáttatekjum hafi verið 61,3% í fyrra, eða 1,7 prósentustigum yfir tuttugu ára meðaltali. Í ritinu kemur einnig fram að á fyrri hluta þessa árs hafi vísitala heildarlauna hækkað um 9,6% frá sama tíma í fyrra, eða um 0,6 prósentustigum meira en launavísitalan, sem bendir til þess að breytt samsetning launa eða vinnumagns hafi hækkað laun á vinnustund. Þá gerir Seðlabankinn ráð fyrir að launakostnaður á framleidda einingu hækki um rúmlega 4% í ár og að meðaltali um tæplega 6% á ári út spátímann.

Stöðug hækkun launavísitölunnar á árinu er athyglisverð í ljósi hagsveiflunnar. Líklegt má teljast að umræðan verði áfram lífleg það sem eftir er af samningstímabilinu.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.